

um að hætta ríkisrekstri Fiskifélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson,
Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera allar viðhlítandi ráðstafanir til þess að Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands megi leggja niður sem ríkisstofnanir.

Í þeim undirbúningi skal m.a. felast:

- að öll gagnasöfnun og skýrslugerð um fiski- og landbúnaðarmál, sem nú fer fram hjá þessum stofnunum, verði færð til annarra stofnana, s.s. Hagstofu Íslands,
- að hefja viðræður við samtök viðkomandi atvinnuvega um hvort þau óski eftir að starfrækja sjálf og þá á eigin kostnað þá þjónustu aðra en gagnasöfnun og skýrslugerð sem Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands nú inna af höndum við umrædda atvinnuvegi og þá hvernig.

Niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en í árslok 1986 svo að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir samfara afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987.

Greinargerð.

Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands eru hin gömlu atvinnumálaráðuneyti okkar Íslendinga. Af þeim sökum voru þeim falin ýmis opinber stjórnisýsluverkefni, svo sem gagnasöfnun og skýrslugerð, sem félögin sinna enn þótt í millitíðinni hafi risið upp öflugar opinberar stofnanir og ráðuneyti til að sinna slíkum verkefnum. Þar að auki hafa þessi félög verið, og eru enn, hagsmunasamtök umræddra atvinnuvega, starfa í nánnum tengslum við önnur slík og að verulegu leyti undir stjórn þeirra.

Þar sem þessar stofnanir eru ríkisstofnanir eru kostnaður við þær greiddur af ríkissjóði, jafnt gagnasöfnun og skýrslugerð sem sú starfsemi sem beinlínis felur í sér þjónustu eða hagsmunagæslu í þágu viðkomandi atvinnuvega, fyrirtækja eða einstaklinga. Kostnaðurinn við samkomur þessara félaga í hagsmunagæsluskyni er þannig greiddur úr ríkissjóði, t.d. kostnaður við þinghald þeirra sem til skamms tíma hefur verið greiddur með sama hætti og kostnaður við löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hlutverk þessara þinga hefur m.a. verið að taka til umsagnar erindi til löggjafarsamkomu þjóðarinnar frá hagsmunasjónarmiði ýmissa aðila, einstaklinga og félaga, jafnvel að smíða lagafrumvörp til flutnings á Alþingi um slík hagsmunamál.

Að sjálfsögðu er ekkert við þess háttar hagsmunagæslu að athuga annað en það að ríkið kostar hana. Slíkt á ekki við um aðrar sambærilegar samkomur, svo sem iðnþing Íslendinga eða stéttarþingin — þing ASÍ, BSRB, BHM eða Stéttarsambands bænda — og eru þó viðfangsefni og hlutverk funda þessara samtaka ekki mjög ólík hlutverkum fiskiþings og búnaðarþings. Þykir réttlátast, frekar en að taka upp ríkisrekstur allra hagsmunasamtaka og þrýstihópa í landinu, að ein og sama regla gildi um öll þessi samtök — líka Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands — sem sé sú að þessi samtök starfi sjálfstætt, að vilja og á ábyrgð viðkomandi hagsmunaaðila en ekki ríkissjóðs.

Óeðlilegt er líka með öllu að samtök, sem a.m.k. öðrum þræði eru hagsmunasamtök, hafi með höndum opinbera gagnasöfnun og skýrslugerð. Slík verkefni þarf að sjálfsögðu að vinna en þau eiga að vera í höndum óhlutdrægra opinberra stofnana. Ekkert mælir hins vegar á móti því að sjálfstæð hagsmunasamtök annist einnig slík verkefni og þá að sjálfsögðu á eigin kostnað og eigin ábyrgð. Það er hvorki æskilegt né nauðsynlegt að hagsmunasamtökum sé jafnframt falið að safna gögnum og skila hagskýrslum, enda á það fyrirkomulag rætur sínar að rekja til tíma þegar ekki voru opinberir aðilar til þess að sinna slíkum verkefnum.

Þessi þáttill. gerir ráð fyrir að þessu Janusarhlutverki Fiskifélagsins og Búnaðarfélagsins ljúki. Hún felur það ekki í sér að félögin sem slík verði lögð niður heldur að ríkisrekstri þeirra verði hætt og hagsmunaaðilunum, sem að þeim standa, verði í sjálfsvald sett hvort og þá hvernig rekstri þeirra verði haldið áfram.

Sú gagnasöfnun og skýrslugerð, sem félögin vinna nú í þágu opinberrar stjórnisýslu, eru að sjálfsögðu nauðsynleg en ber að vinna hjá réttum aðilum, þ.e. þeim opinberu stofnunum sem að slíkum verkefnum starfa. Í flestum tilvikum mundu þau koma í hlut Hagstofu Íslands.

Till. gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin láti undirbúa aðgerðir til þess að umræddar skipulagsbreytingar megi ná fram að ganga, m.a. með viðræðum við hagsmunaaðila, þannig að Alþingi geti tekið allar nauðsynlegar ákvarðanir við undirbúning næstu fjárlaga.

Tillögu þessari var fyrst hreyft í umfangsmiklum breytingartillögum Alþýðuflokksins við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1986. Hún er liður í tillögum þingflokks Alþýðuflokksins um sparnað í ríkisrekstri, fækkun ríkisstofnana og tilflutningi verkefna frá ríkissjóði til annarra.